



*Valgreinar og samvalsgreinar*

*Skólaárið 2014- 2015*

*9. og 10. bekkur*

## Kennslulýsingar

Námsgreinar í 9. og 10. bekk skiptast í kjarna sem er 29 kennslustundir á viku og valgreinar sem eru 8 kennslustundir á viku. Kjarnann verða allir nemendur að taka og eru námshópar bundnir við bekkjardeildir. Valgreinar eru hins vegar sameiginlegar fyrir bekkina og jafnvel með 8. bekk. Hver valgrein samsvarar 2 kennslustundum á viku yfir veturinn. Nemendur í 9. og 10. bekk velja sér **4 valgreinar og 3 til vara** og geta valið sér valgreinar sem bæði eru kenndar í Síðuskóla og sem kenndar eru í samstarfi við aðra skóla á Akureyri. Nemendur eiga auk þess kost á að fá metið nám við sérskóla, félags- eða íþróttastörf allt að fjórar kennslustundir á viku. Fyrirvari er gerður um að greinar geti fallið niður ef ekki er næg þátttaka.

**Mikilvægt er að nemendur vandi valið og velji þær greinar sem þeir hafa mestan áhuga á og nauðsynlegt er að foreldrar hafi hönd í bagga með vali barna sinna. Fyrstu tvær vikur skólaársins verður gefinn möguleiki á breytingum ef svigrúm leyfir hvað varðar hópastærðir.**

### **Valgreinar utan skóla (félagsstörf eða sérskólanám)**

Nemendur eiga kost á að fá metið félagsstarf eða nám utan skólans en til að hægt sé að meta það sem eina valgrein þarf að liggja að baki 1 - 4 klukkustunda iðkun á viku og fleiri en 5 klukkustundir ef meta á það sem tvær valgreinar. **Skila þarf staðfestingu þjálfara/ kennara/ foringja á ástundun tvisvar sinnum yfir skólaárið með eyðublaði sem skólinn leggur til.** Nemendur og foreldrar bera fulla ábyrgð á þessum skilum til að starfið fái metið. Athugið að starfsemi utan skóla má að hámarki meta sem 4 vikustundir af þeim 37 sem nemandi skal skila í grunnskóla og að foreldrar bera allan kostnað af námi sem óskað er eftir með þessum hætti.

### **Íþróttæfingar**

Þeir sem stunda reglulegar æfingar hjá viðurkenndum íþróttafélögum geta fengið þær metnar til tveggja stunda í vali enda skili þeir skriflegri viðurkenningu frá þjálfara bæði um æfingar og ástundun.

### **Myndlistar- og tónlistarnám**

Þeir nemendur sem eru í myndlistar- eða tónlistarnámi allan veturinn geta fengið nám sitt metið til tveggja vikustunda, enda skili þeir einkunn þaðan. Ekki er tekið þátt í að greiða skólagjöld. Metið til tveggja stunda í vali.

### **Annað**

Hugsanlegt er að fá annað nám eða þátttöku í félagsstarfi metið sem val t.d. skátastarf o.fl.

# Efnisyfirlit



## Valgreinar í Síðuskóla

Bíó, bókmenntir og menning.....	5
Danskur bókaklúbbur.....	5
Danskar kvikmyndir .....	5
Dýralíf.....	6
E-twinning.....	7
Fatasaumur og endurnýting.....	7
Félagsmálafræði/félagsmiðstöðvarval.....	7
Forritun.....	9
Gerð myndbanda.....	10
Heimanámsaðstoð fyrir nemendur á yngsta-og miðstigi.....	10
Heimilisfræði.....	10
Hönnun og smíðar – nytjalist.....	11
Íþróttaval og hreysti.....	11
Mósaík-nytjalist.....	12
Myndmennt.....	12
Prjón og hekl.....	13
Starfsnám.....	13
Stuðningur við bóklegt nám .....	15
Stærðfræði.....	15
Upplýsingatækni.....	15

## Samvalsgreinar fyrir nemendur í grunnskólum Akureyrarbæjar

Aðhlygning og umönnun.....	17
Boltaíþróttir.....	17
Bókmenntir.....	18
Fjármálalæsi.....	18
Franska.....	19
Fluguhnýtingar og stangveiði.....	19
Handboltaskóli KA.....	20
Handboltaskóli Þórs .....	20
Heilsurækt á Bjargi.....	20
Heimspæki.....	21
Knattspyrnskóli Þórs.....	21
Körfuboltaskóli.....	21
Leður-leir-mósaík.....	22
Leiklist .....	22
Leitin að Grenndargralinu.....	23
Líkamsrækt Átak.....	24
Rafiðnir.....	24
Raungreinaval .....	25
Stærðfræði 102 .....	26
Tauprykk og fatalitun .....	26
Tréiðnir.....	27
Uppeldis-og sálarfræði.....	27
Útivist og hreyfing.....	28

## Valgreinar í Síðuskóla



### **Bíó, bókmenntir og menning**

Fjallað verður um bíómyndir og bókmenntir. Nemendur lesa skáldsögur og horfa á kvikmyndir sem gerðar hafa verið eftir þeim. Fjallað verður um efnið og bornar saman mismunandi áherslur í mynd og bók. Nemendur þurfa að tjá sig bæði munnlega og skriflega um efnið.

Þá taka nemendur fyrir ákveðin tímabil og fjalla um þau út frá menningu og tíðaranda hverju sinni t.d. tísku, tónlist, kvikmyndum og fréttatengdum atburðum.

Nemendur velja viðfangsefni að nokkru leyti í samráði við kennara. Áhersla á umræður, heimildaöflun, sjálfstæð vinnubrögð og kynningar á viðfangsefninu. Horft verður á kvikmyndir (eða brot úr þeim) og fjallað um myndbönd tengd efninu. Auk þess sem nemendur lesa sér til eftir því sem við á hverju sinni.

**Námsefnið:** Stuðst verður við ýmsar kennslubækur í sögu og landafræði. Auk þess ljósrit, kvikmyndir, bækur, myndir og efni af netinu eftir ábendingu kennara.

### **Danskur bókaklúbbur- leshringur**

Danir eiga marga góða rithöfunda sem gaman er að kynna. Í áfanganum eru skáldsögur í mismunandi þyngarflokkum lesnar og þær greindar munnlega og skriflega.

**Námsþættir:** Lestur, framsögn, talað mál og bókmenntagreining.

**Námsefni:** Skáldsögur og orðabækur.

**Hæfniviðmið við lok áfanga:** Lesið skáldsögur af ýmsum gerðum, danska lesin upphátt, tekið þátt í umræðum og orðaforði nýttur og skáldsögur greindar.

**Leiðir:** Innlögn, upplestur, umræða, hópvinna og einstaklingsvinna.

**Matsviðmið:** Námsþættir koma fram í vinnubók í Mentor.

### **Danskar kvikmyndir**

Fyrir þá sem hafa gaman af kvikmyndum og vilja bæta færni sína í dönsku.

Skemmtilegir tímar, þar sem sjón, heyrn og tal eru samþætt á dönsku. Danir hafa unnið til fjölda alþjóðlegra verðlauna í kvikmyndagerð á undanförunum árum. Danskar kvikmyndir eru ekki mikið sýndar í íslenskum kvikmyndahúsum og hér er kjörið tækifæri til að kynna þessum þætti danskrar menningar. Sýndar verða ýmsar tegundir kvikmynda, má þar nefna spennumyndir, afþreyingarmyndir og klassískar myndir.

Umræður og greining í kjölfar hvernar myndar. Tvær kennslustundir á viku allan veturinn.

**Námsþættir:** Áhorf, hlustun, tal, ritun og skrifleg verkefni.

**Námsefni:** Spennumyndir, afþreyingarmyndir, teiknimyndir, klassískar myndir og verkefni frá kennara.

**Hæfniviðmið í lok áfanga:** Greina danska menningu í gegnum kvikmyndir, hlustun til að bæta orðaforða, Umræðum til að nýta orðaforða, greina kvikmyndir (analyse).

**Leiðir:** Innlagn, áhorf, ritun, endursögn, hópavinna og einstaklingsvinna.

**Matsviðmið:** Kemur fram í verkefnabók í Mentor.

## **Dýralíf**

Í þessari valgrein verður dýralíf á jörðinni skoðað með ýmsum viðfangsefnum.

Valgreinin er fyrir þá nemendur sem hafa mikinn áhuga á að auka þekkingu sína um dýraríkið. Dýr skiptast í hryggleysingja og hryggdýr og verður fjallað um þessa stórkostlegu veröld dýra. Markmiðið er að nemendur leiti svara við fjölmörgum spurningum sem tengjast hinum ýmsu dýrategundum í gegnum margvísleg verkefni og auki þar með þekkingu sína á lífheiminum, lífsháttum og líkamsgerð dýra.

**Kennsluhættir:** Nemendur afla sér heimilda um ákveðnar dýrategundir og útbúa kynningar eða fyrirlestra, bæklinga, veggspjöld og vísbendingarspurningar um þær og hlusta á og kynnast þeim dýrum sem samnemendur vinna með. Margar tilraunir verða gerðar og hægt er s.s. að kryfja fisk, fugl, smokkfisk eða rækju. Dýr verða skoðuð í víðsjá allt eftir tækifærum og því sem tekst að safna í vettvangsferðum. Fræðslumyndir um dýr og dýralíf verða notaðar bæði í umræður og verkefnavinnu. Nemendur skrifa heimildaritgerð um valda dýrategund og stuttar fréttir á heimasíðu skólans. Einnig er stefnt að því að fara í ýmsar heimsóknir og vettvangsferðir.

**Námsefni:** Ýmsar bækur og tímarit um dýralíf, greinar á netinu, myndir, myndbönd eða myndir á DVD, skyggnumyndir, vísbendingarspurningar frá kennara og samnemendum.

**Námsmat:** Heimildaritgerð, vísbendingarspurningar, vinnubók, kynningar á dýrategundum, frammistaða í kennslustundum.

**Kennslustundafjöldi:** 2 stundir á viku að jafnaði nema þegar farið verður í heimsóknir og vettvangsferðir.

## **E-twinning**

Unnið að evrópskum verkefnum með skólum víðs vegar um Evrópu. Verkefnin snúast um það sem nemendur hafa áhuga á að gera. Það getur verið tengt samfélagsfræði, stærðfræði, upplýsingamennt, tónlist, önnur menning eða hvað sem er sem nemendur vilja gera. Nemendur vinna „power point“ sýningar, gera myndbönd og fleira til að kynna sín verk fyrir nemendum í öðrum löndum. Að taka þátt í E-twinning eykur enskukunnáttu þar sem öll verkefni miðast við að nemendur annars staðar í Evrópu geti skoðað þau og eru þau því unnin á ensku.

**Námsmat:** Frammistaða í tímum, sjálfstæði í vinnubrögðum. Verkefnaskil.

## **Fatasaumur og endurnýting**

**Markmið:** Að nemandi sýni frumkvæði að verkefnum og verkefnavali og hafi ánægju af því að gefa til samfélagsins. Sjái möguleika í að útfæra eigin hugmyndir í verk og gera nýja hluti úr gömlum og læra að taka upp snið

**Námstögn:** Rauðakrossverkefni: *Föt sem framlag*, snið að barnafötum, nemendur komi með föt til að breyta eða nýta á annan hátt.

**Kennslufyrirkomulag:** Kennsla fer fram einu sinni í viku 2x40 mín allt skólaárið.

Nemendur læra að sauma /prjóna barnafatnað sem gefin eru til Rauðakrossins. Skylda er að sauma/ prjóna a.m.k. 3 flíkur. Ef nemendur kjósa að nota ekki það efni/ garn sem skólinn býður upp á er þeim frjálst að koma sjálfir með að heiman. Farið verður í vettvangsferðir, heimsókn í Rauðakrossinn og fleira.

**Námsmat:** Verkefnin eru metin þegar þeim er lokið og við matið er tekið tillit til áhuga, færni og vinnusemi nemenda. Símat

## **Félagsmálafræði/félagsmiðstöðvarval**

### **Markmið:**

Að nemendur öðlist aukna félagslega færni.

Að nemendur efli sinn félagslega þroska.

Að nemendur öðlist sterkari og jákvæðari sjálfsmynd.

Að nemendur kynnist öðrum menningarheimum og öðlist jákvætt viðhorf í garð þeirra.

Að nemendur læri að skipuleggja, undirbúa og framkvæma viðburði í félagslífi sínu.

**Inntak:**

Framsögn, framkoma, fundarsköp, skipulagning á viðburðum, skoðanaskipti, samvinna, virðing fyrir öðrum.

**Leiðir:**

Nemendur vinna mikið í hópum að verkefnum. Kynningar eru á hugmyndum nemenda. Nemendur læra að setja upp viðburði, auglýsa þá og stjórna þeim. Nemendur fá jafnframt utanaðkomandi fræðslu sem þeir svo velta fyrir sér í umræðuhópum.

**Námsmat:**

50% Annarverkefni – nemendur vinna saman í hóp að fræðsluefni sem þau kynna fyrir bekknum. Frjálst val á framsetningu.

20% Virkni

10% Mæting

10% Sjálfsmat og jafningjamat

10% Lokaverkefni – einstaklingsverkefni þar sem nemendur fara yfir veturinn og skila af sér skýrslu þar sem fram kemur upplifun þeirra á starfinu, hvað var gott og hvað mátti betur fara og hugmyndir að góðu félagsmiðstöðvarstarfi fyrir framtíðina.

Hver nemandi fær umsögn bæði fyrir haust- og vorönn.

**Sjálfsmat og jafningjamat:**

Sjálfsmat og jafningjamat félagsmiðstöðvarráðs er mjög mikilvægur hluti þess óhefðbundna náms sem fram fer félagsmiðstöðinni.

Ígrundun er mjög mikilvæg bæði fyrir hópinn og einstaklingana innan hans. Metið er hvort eitthvað hefði mátt betur fara og hægt er að notast við þetta mat við skipulagningu og undirbúning næsta viðburðar. Þetta gefur hópnum sameiginlega ábyrgð og tækifæri til að gera alltaf betur.

Hver og einn þarf að skila sjálfsmati einu sinni í mánuði. Félagsmiðstöðvarráðið fer yfir hvern viðburð að honum loknum og leggur sameiginlegt mat á hvernig til tókst.

Framúrskarandi	Allt gekk að óskum og ekki þurfti að redda neinu á seinustu metrunum.
Mjög gott	Vel unnin viðburður. Allt var mjög vel skipulagt en ófyrirséðir hnökrar urðu til þess að það gekk ekki allt upp.
Gott	Viðburðurinn var þokkalegur og fólk skemmti sér vel. En það mátti sjá að skipulag og framkvæmd fór ekki saman og gestir urðu varir við að ekki var allt eins og það átti að vera.
Ófullnægjandi	Viðburðurinn heppnaðist ekki, skipulag var ekki gott og ekkert tilbúið þegar viðburðurinn hófst.

**Fjöldi kennslustunda í viku: 2 auk þess að mæta og vinna á viðburðum sem þau skipuleggja.**



## **Félagsmálastarf**

Mikil áhersla hefur verið lögð á öflugt og heilbriggt **félagslíf nemenda**. Skólanefnd og bæjaryfirvöld hafa ætíð sýnt þessum þætti í starfi skólanna mikla velvild og greitt götu hans eftir föngum. Það er mál margra að gott félagslíf geti eflt mjög allt starf í skóla og aukið félagsþroska nemenda umfram það sem venjulegt skólahald eitt getur gert. Stefna skólans ætti því helst helgast af þeirri vissu að öflugt og heilbriggt félagslíf í skóla geti:

- a) Virkjað **nemendur** til starfa, eflt **félagsþroska**, styrkt **samheldni** þeirra og verið eins konar **félagsmálaskóli** fyrir nemendur.
- b) Stuðlað að **heilbrigðum lífsháttum** með þátttöku að leiðarljósi.

## **Félagsmiðstöðvarráð**

Í hverjum skóla er félagsmálafræðival og miðast stærð hópsins við 18 einstaklinga úr 9. og 10. bekk sem jafnframt er félagsmiðstöðvarráð viðkomandi félagsmiðstöðvar.

Hlutverk ráðsins er að skipuleggja starf félagsmiðstöðvarinnar og taka þátt í að skipuleggja sameiginlega viðburði allra félagsmiðstöðva á Akureyri. Einnig getur ráðið aðstoðað nemendaráð við skipulagningu viðburða innan skólanna og á þann hátt aukið samstarf félagsmiðstöðva og skólanna.

## **Dæmi um viðburði:**

### **Sameiginlegir viðburðir félagsmiðstöðvanna:**

Söngkeppni, Furðuverk (hönnunarkeppni), Stulli stuttmyndahátíð, Íþróttadagur og spurningakeppni.

### **Viðburðir innan félagsmiðstöðvar:**

Kaffihúsakvöld, áskorunarkvöld, þemakvöld og spilakvöld.

## **Forritun**

Nemendur fá tækifæri til að kynna sér forritun. Þessi valgrein verður unnin í samstarfi með sænskum skóla ef styrkur fæst til þessa verkefnis. Nemendur búa til tölvuleiki og kynna þá fyrir skólasystkinum sínum. Ef af verður koma sænskir nemendur í heimsókn til okkar á árinu og við munum fara í heimsókn til þeirra með einhverja nemendur.

Frumleiki í hugsun og áhugi á að skapa sinn tölvuleik. Farið verður í heimsókn í forritunarfyrirtæki og starfsmenn þeirra kynna starfsemina fyrir nemendum.

**Námsmat:** Verkefnaskil.

## **Gerð myndbanda**

Markmiðið er að nemendur læri á myndbandavinnsluforrit, þeir læri að semja handrit, leika, leikstýra og vinna markvisst saman að ákveðnu verki. Hver nemandi fær tækifæri til semja handrit, leikstýra og leika auk þess sem hann fullvinnur sína mynd í samráði við kennara. Nemendur geta einnig unnið þetta í hóp þannig að þeir skipta með sér þessum verkum. Unnið verður í upphafi að gerð handrita. Hver og einn semur handrit að stuttmynd, tekur hana upp og leikstýrir. Í hverri viku eru tveir tímar. Að jafnaði yfir veturinn fer annar tíminn í það að taka upp efni, oft utan skólatíma, og vinna það en hinn í að skrifa handrit. Vönduð, sjálfstæð vinnubrögð eru undirstaðan í myndbandagerð. Í þessari valgrein höfum við verið í samstarfi með N4 og fá nemendur þar tækifæri til að fylgjast með gerð sjónvarpsþátta, koma að þeim frá undirbúningi til lokafrágangs.

**Námsmat:** Frammistaða í N4, verkefnaskil.

## **Heimanámsaðstoð fyrir nemendur á yngsta-og miðstigi**

Eldri nemendur (hámark 10) paraðir saman við yngri nemendur og hittast þeir tvisvar í viku í 40 mínútur í senn strax eftir skóla hjá yngri nemendum. Sérstök kennslustofa verður ætluð í þetta en nemendur geta líka verið á bókasafni eða á göngum skólans ef þeir vilja það heldur. Í þessum tímum er ætlast til að þeir eldri aðstoði við heimanám með sérstaka áherslu á lestur, ritun og stærðfræði. Ef tími vinnst til, má spila, lesa saman eða fyrir yngra barnið eða fara í leiki eins og aðstæður leyfa. Heimanámsaðstoðin verður auglýst á yngsta og miðstigi og þurfa foreldrar að sækja um fyrir barnið sitt og skrifa undir samþykki um þátttöku í verkefninu. Kennarar geta einnig bent á nemendur sem þurfa aðstoð en þátttaka er alltaf háð skriflegu samþykki foreldra yngri barnanna.

**Námsmat:** Sjálfsmat, mat frá yngri nemanda unnið í samráði við foreldra, mat frá umsjónarmanni valgreinarinnar sem byggist á mætingum, áhuga og vinnusemi í tímunum.

## **Heimilisfræði**

**Aðaláherslur:** Að nemendur geri sér grein fyrir að hæfileg næring er ein meginforsenda andlegs- og líkamlegs heilbrigði. Að nemendur þekki heiti og hlutverk helstu næringarefna og viti í hvaða fæðutegundum helstu næringarefni eru. Að nemendur geti unnið sjálfstætt og í samvinnu við aðra og geti farið eftir munnlegum og skriflegum fyrirmælum, geti minnkað og stækkað uppskriftir og breitt grömmum í deselíttra og

öfugt. Nemendur geri sér grein fyrir mikilvægi hreinlætis við matreiðslu. Matreiddir verða kjöt- og fiskréttir og allar helstu bakstursaðferðir æfðar.

**Kennsluhættir:** Í byrjun hvers tíma er sest niður og spjallað um verkefni dagsins og raðað í vinnuhópa, síðan gengur kennari á milli hópanna og hjálpar til eftir þörfum.

Bóklegir tímar eru fáir en í þeim er aðallega unnið með bókina Matur og menning.

**Námsefni:** Heimilisfræði 1 og 11, ýmsar matreiðslubækur, Matur og menning, næringartafla, algeng heimilistæki og hráefni til matargerðar og verkefni frá kennara.

**Námsmat:** Verklegt próf 33% og frammistaða í tímum 67% af lokaeinkunn.

Kennt er þrjár kennslustundir á viku 2/3 úr vetri

## **Hönnun og smíðar - nytjalist**

**Hönnun og smíðar - nytjalist** gefur nemendum kost á verklegu námi þar sem þeir læra að vinna með mismunandi efni og útbúa eigulega hluti til að bæta og skreyta sitt nánasta umhverfi. Áfanginn á að auka þeirra verklegu færni og vekja áhuga á hönnun og verklegu framhaldsnámi.

Verkefnin eru af ýmsu tagi allt frá hefðbundinni smíðavinnu til vinnu með leir, gler og málma. Nemendur eiga því að geta fundið sér farveg sem hentar þeirra áhuga og getu.

Takmörk eru fyrir stærð og kostnaði við hvert verkefni.



**Námsmat:** Símat fyrir (hegðun, vinnusemi, vandvirkni og umgengni) gildir 40% á móti verkefnum sem gilda 60%.

## **Íþróttaval og hreysti**

Aðalmarkmiðið er að nemendur auki vitund sína á mikilvægi heilbrigðra lífshátta. Fræðist um leiðir til þess að efla heilsufar s.s. með því að tileinka sér markvissa ástundun íþróttar eða líkams- og heilsuræktar. Auki þekkingu á upphitun, teygjum, meiðslaforvörnum og meiðslaviðbrögðum og mikilvægi hollrar fæðu og nægjanlegs svefnis. Nemendur læri að skilja líkamsstarfsemina og hvernig líkaminn bregst við álagi og þjálfun.

Einnig er markmið valgreinarinnar að nemendur öðlist dýpri þekkingu á helstu íþróttagreinum sem stundaðar eru hér á landi. Nemendur skiptast á að

skipuleggja og stjórna kennslustund og skila inn tímaseðli. Farið verður í kynningar hjá íþróttafélögum bæjarins eftir því sem aðstæður leyfa.

Valgreininni lýkur ekki með prófi heldur er lagt mat á framkomu, virkni, tímaseðil og ástundun nemanda.

### **Mósaík-nytjalist**

Í þessum námsáfangi læra nemendur að búa til mósaík nytjahluti og hvernig hægt er að nota í mósaík mismunandi efni svo sem litað gler, flísar, gamalt leirtau og skeljar svo dæmi sé tekið. Nemendum er kennt að nota réttar vinnuaðferðir við að brjóta niður flísar, klippa gler, líma og fúga. Mikilvægt er að halda öllum gögnum vel saman svo sem myndum og öðru sem nemendur hafa stuðst við.

Nemendur geta leitað sér upplýsinga á netinu eða á bókasafni skólans. Gott er ef nemendur geta komið með gamalt leirtau, flísaafganga eða annað sem getur nýst þeim, einnig má benda á að hægt er að leggja mósaík á gömul borð og aðra sambærilega hluti og við það öðlast þeir nýtt líf. Möguleikarnir eru því óþrjótandi og ráðast yfirleitt af efnisvali og smekk hvers og eins.

Takmörk eru fyrir stærð og kostnaði við hvert verkefni.

Dæmi um verkefni eru speglar, myndarammar, lampar, borð og lítil ljósker fyrir sprittkerti.

**Námsmat:** Símat fyrir (hegðun, vinnusemi, vandvirkni og umgengni) gildir 40% á móti verkefnum sem gilda 60%.

### **Myndmennt**

Nemendur í myndmenntavali fá dýpri kennslu í fjölda þátta er lúta að myndlist. Lögð verða fyrir verkefni sem auka þjálfun í teiknun, málun, mótun, skyggingu, myndbyggingu o.fl. Nemendur fá kennslu í sköpun með ólíkum aðferðum og unnið verður með ýmsa eiginleika efna. Í myndmenntavali er lögð mun ríkari áhersla á tengingu fagsins við listastefnur og listamenn. Nemendur vinna sjálfstæð verk með leiðsögn kennara. Námsmat byggist á verkum nemandans sem hann skilar í möppu í lok annar ásamt þáttum eins og framkomu, vinnusemi, hugmyndaauðgi, umgengni, skipulagi o.fl. Þar sem nemendur eru að velja myndmennt, þá leggur kennari mikla áherslu á sjálfstæði og áhuga í allri vinnu.

## **Prjón og hekl**

**Markmið:** Að æfa færni í að prjóna eftir einföldum uppskriftum, prjóna með tveimur eða 5 prjónum og læra að skipta um lit. Einnig að æfa færni í að hekla eftir einföldum uppskriftum. Mikilvægt er að tileinka sér ýmis tákni sem gilda í uppskriftum bæði í prjóni og hekli.

**Námsgögn:** Prjónablöð t.d. Lopi, Ýr og fleira (sokkaprjónar, hringprjónar) og garn: léttlopi, hespulopi, o.fl.

**Kennslufyrirkomulag:** Kennsla fer fram einu sinni í viku 2x40 mín allt skólaárið. Farið yfir helstu tákni í munstrum, úrtöku og útaukningu í prjóni og hekli. Skyldustykki verða til dæmis: prjónaðir vettlingar, prjónaðir sokkar, heklað sjal, hyrna eða heklud taska. Þegar nemendur hafa lokið skyldustykkjum er frjáls vinna. Nemendur fá garn í skyldustykkjin.

**Námsmat:** Verkefni eru metin þegar þeim er lokið og við matið er tekið tillit til áhuga, færni og vinnusemi nemenda. Símat.

## **Starfsnám**

**Markmið:** Að nemendur kynnist því að vinna mismunandi störf innan skólans og utan.

**Kennslufyrirkomulag:** Nemendur velja 4 af 9 (fá 3, eitt til vara) störfum hér neðan við og eru í vinnu 2 klst. á viku frá september til mars, 8 vikur á hverjum stað. Nemendur mæta í kennslustundir hjá umsjónarmanni valgreinar tvisvar yfir veturinn, í upphafi skólaárs og við lok valgreinar í mars.

**Ábyrgð nemenda:** Nemendur í starfsnámi þurfa að vera virkir og bera ábyrgð á því sem þeir gera. Ef þeir standa sig ekki þarf að tilkynna náms- og starfsráðgjafa það strax svo hægt sé að tala við viðkomandi nemenda. Nemendum verður gerð grein fyrir þagnarskyldu og skulu þeir **gæta trúnaðar** um það sem þeir sjá og heyra á vinnustöðunum.

**Námsmat:** Á hverjum vinnustað verður ábyrgðaraðili sem aðstoðar nemandann við að komast inn í starfið. Þessi ábyrgðaraðili gefur nemandanum umsögn eftir tímabilið og byggist námsmatið á því. Metin verður stundvísi, vinnusemi, vandvirkni og áhugi.

**Störfin sem eru í boði:**

<b><u>Aðstoðarkennari</u></b> Aðstoð í 1. -3. bekk <b><u>Athuga:</u></b> Aðeins þeir sem geta byrjað 12:10 tvisvar í viku geta valið þetta.	2 klst á viku 2x1 klst.	Alla daga frá kl. 12-13:15
<b><u>Sérdeild Síðuskóla</u></b> Aðstoða í sérdeild	2 klst á viku 2x1 klst.	Fer eftir stundaskrá sérdeildar
<b><u>Eldhús Síðuskóla</u></b> Aðstoð í eldhúsi	2 klst. á viku	Alla daga frá kl. 12-14
<b><u>Frístund Síðuskóla</u></b> Aðstoð í Frístund	2 klst. á viku	Alla daga frá 13:15-15:15
<b><u>Síðusel, Krógaból og Sunnuból</u></b> Aðstoð í leikskóla	2 klst. á viku	Alla daga frá kl. 13-16
<b><u>Húsvörður Síðuskóla</u></b> Aðstoða húsvörð við ýmis verk innan skóla	2 klst. á viku	Alla daga frá kl. 13-15
<b><u>Bifreiðaverkstæðið Baugsbót</u></b> Kynnast starfi á bifreiðaverkstæði	2 klst á viku	Alla daga frá kl. 13-16
<b><u>Bjarg</u></b> Aðstoða í félagsstarfi aldraðra.	2 klst á viku	Þriðud. Bingó kl. 13-15 Miðvikud. Spil og samverustund kl. 13-15. Föstud. Paravist 13-15
<b><u>Lögmannshlið</u></b> Aðstoða á öldrunarheimili	2 klst á viku	Alla daga frá kl. 13-16

**Tímabilin eru:**

- 1. sept. – 24. okt. 8 vikur (960 klst.)
- 28. okt. – 19. des. 8 vikur ( 960 klst.)
- 6. jan. – 27. feb. 8 vikur (960 klst.)

**Kennslustundir með umsjónarmanni:**

27. ágúst 2014

4. mars 2015

**Tímaskipulag**

	<b>Tímar hjá umsjónarmanni</b>	<b>Tímar í vinnu</b>	<b>Samtals</b>
Ág.- okt.	40 mín	960	1000
Nóv. - des		960	960
Jan/mars	40 mín	960	1000
Alls	80 mín	2880	<b>2960</b>

## **Stuðningur við bóklegt nám**

Nemendur mæta til kennara tvisvar í viku 40 mínútur í senn. Kennari aðstoðar nemendur í þeim námsgreinum sem þeir þarfnast hverju sinni. Námsmat felst í mætingum og iðjusemi í tímunum. Þeir nemendur sem nýta ekki þessa stuðningstíma þurfa að flytja sig í aðra valgrein.

## **Stærðfræði**

Í stærðfræðivali vinna nemendur að því að efla þekkingu sína og færni í stærðfræði. Tímarnir eru hugsaðir sem stuðningur við námsefni unglingadeildar. Nemendur fá kennslu og frekari þjálfun í því námsefni sem unnið er með í stærðfræðinámi þeirra (1 tími á viku) og jafnframt er lögð áhersla á upprifjun og kennslu í grunnaðgerðum stærðfræðinnar eftir því sem við á (1 tími á viku). Nemendur eru þjálfaðir í að ræða saman um stærðfræðileg viðfangsefni, vinna saman og hjálpast að þar sem það á við. Reynt verður eftir megni að vinna hlutlægt þegar þess er kostur og tækifæri gefast. Stærðfræðival er hugsað fyrir þá nemendur sem vilja styrkja kunnáttu sína í stærðfræði. **Námsmat:** Verkefni og vinnusemi í kennslustundum metin.

## **Upplýsingataekni**

Kynning á ýmsum forritum og möguleikum þeirra. Verkefnavinna í hverju forriti sem lýkur með verkefnaskilum. Gengið er út frá því að nemendur hafi grunnfærni í notkun ýmissa forrita en ekki er reiknað með að færni nemenda sé framúrskarandi í upphafi áfangans. Markmið áfangans er að auka almenna færni nemenda á hinum ýmsu sviðum og gera þá hæfari í að finna lausnir með þeirri tækni sem til er í skólanum. Öll vinna í tímum fer fram í tölvum í tölvuveri skólans. Farið verður yfir helstu möguleika hvers forrits og verkefni lögð fyrir sem reyna á hæfni nemenda í einstökum þáttum. Áætlað er að hvert forrit verði til kennslu í 3 – 4 vikur.

Unnið verður með:

- Microsoft Office s.s. Word, Excel, Power Point og One Note.
- Google s.s. gmail, drive, g+ og maps.
- Frí forrit af vef s.s.:
  - Weebly heimasíðugerð.
  - Prezi glærugerðarforrit.
  - PhotoStory myndasögugerð.
  - o.fl.



**Heimanám** – Ekki verulegt, eingöngu ef ekki næst að klára verkefni sem sett eru fyrir í tímum.

**Námsmat** – Verkefnaskil í hverju forriti yfir veturinn gilda til einkunnar að vori.



## *Samvalsgreinar*

Hér er um að ræða greinar sem grunnskólar Akureyrar sameinast um að bjóða upp á. Dag- og tímasetning kemur fram við hverja námsgrein en þær eru kenndar á mánudögum, þriðjudögum og miðvikudögum.



### **Aðhlygning og umönnun fyrir 9.-10. bekk – kennt á haustönn í VMA.**

Greinin er kennd í samstarfi við VMA.

Kennarar á sjúkraliðabraut fara yfir nokkra verkþætti í hjúkrun og umönnun s.s. umbúnað í rúmi, mæla blóðþrýsting, lífsmörk, aðstoð við athafnir daglegs lífs og fá upplýsingar um störf sjúkraliða, stuðningsfulltrúa og félagsliða í nærsamfélaginu (sambýli, heilsugæsla, heimahjúkrun, heimilishjálp, sjúkrahús). Jafnframt verður farið í helstu þætti endurlífgunar, viðbrögðum við slysum (112), slysavarnir á heimilum og í því vinnuumhverfi sem nemendur eru í.

Kennt er einu sinni í viku 2x40 mín á haustönn. Nemendur sem standast námskröfur greinarinnar fá eina einingu sem getur nýst síðar í framhaldsskólanámi.

**Námsmat:** Virkni og þátttaka nemenda ásamt verkefnum sem gerð eru í kennslustundum.

*Kennt á mánudögum kl. 13:50-15:10 á haustönn í VMA.*

### **Boltaíþróttir fyrir 8. – 10. bekk**

**Markmið og kennsluáferð:** Áhersla er lögð á boltagreinar og ýmskonar boltaleiki. Tilgangur með boltaíþróttum er m.a. til að efla líkamsþroska, bæta heilsufar og vekja áhuga á íþróttaiðkun til ástundunar utan skóla sér til heilsubótar og lífsfyllingar.

Kennslunni er skipt niður í tímabil þar sem farið verður m.a. í: Fótbolta, blak, körfubolta, handbolta, hafnarbolta, bandý, sundknattleik, ýmsa boltaleiki og margt fleira. Mikil fjölbreytni verður í tímunum og með því móti er reynt að gera kennsluna áhrifameiri, líflegri og skemmtilegri.

**Námsmat:** Námsmat er framkvæmt í lok hvorrar annar. Það byggist á ástundun, framförum og hegðun.

*Kennt á þriðjudögum kl. 13:50-15:10 í Íþróttahöllinni v. Skólástíg.*



## **Bókmenntir fyrir 8.-10. bekk**

Greinin er tvíþætt. Haustönn: Barna- og unglingabókmenntir, íslenskar og þýddar.

Barna- og unglingabækur frá ólíkum tímum verða skoðaðar og lesnar og við veltum fyrir okkur hvernig þær hafa breyst í gegnum tíðina.

**Markmið:** Að nemendur auki orðaforða og lesskilning, lesi nokkrar ólíkar barna- og unglingabækur frá ýmsum tímum, geti rætt um bókmenntir og upplifun sína af þeim. Að auka lestur og lestraráhuga nemenda.

Vorönn: Grettis saga: Sagan af Gretti Ásmundarsyni lesin og krufin. Grettir var oft kallaður Grettir sterki og sagan af honum er ein af þekktustu og vinsælustu Íslendingasögnum.

**Markmið:** Að nemendur kynnist samfélagi, hugsunarhætti og heimi Íslendingasagnanna.

**Námsmat:** Áhugi og frammistaða í kennslustundum, einstaklings- og hópverkefni.

*Kennt á þriðjudögum kl. 13:50-15:10 í Brekkuskóla*

## **Fjármálalæsi fyrir 9. og 10. bekk**

**Markmið eru:**

- að nemendur fái grunnorðaforða í fjármálum
- að nemendur öðlist skilning á helstu hugtökum og kunni að beyta þeim
- að nemendur fái þjálfun í að greina valkosti í fjármálum
- að nemendur geti útbúið áætlanir fyrir framtíðina
- að vekja áhuga nemenda á eigin fjármálum

**Námsefni:** Stuðst verður við lesbókina *Hvað kosta ég* ásamt því að velja efni úr öðrum bókum, auk þess að sýna myndbönd tengd efninu og spila spil. Í kennslunni verður reynt að auka getu nemenda til að lesa, greina og fjalla um fjármál. Farið yfir helstu hugtökin með nemendum og þeir þjálfadur í að beita þeirri þekkingu við ýmsar aðstæður svo þeir geti tekið ábyrgðar ákvarðanir sjálfum sér og öðrum til heilla. Farið verður yfir m.a.

hvernig verðmæti verða til, útgjöld og kostnaðarliði. Hvernig lesa á launaseðla.

Samskipti við banka skoðuð, t.d., vextir, FIT greiðslur, sparnaður og SMS lán.

Nemendur styrktir til að verða ábyrgir í eigin fjármálum.

**Kennsluhættir:** Leitast verður við að nota fjölbreytta kennsluhætti. Hlustun og tjáning, hóp- og einstaklingsverkefni, leikir og innlögn á töflu.

**Námsmat:** Frammistaða í tímum og vinnusemi. Einstaklings- og samvinnuverkefni.

*Kennt á mánudögum kl. 13:50-15:10 í Giljaskóla.*

## **Franska fyrir 9. og 10. bekk**

**Markmið áfangans eru:**

- að nemendur fái grunnorðaförða í frönsku
- að nemendur læri undirstöðuatríði í málfræði
- að nemendur fái þjálfun í að hlusta á talað franskt mál
- að nemendur geti tjáð sig með stuttum einföldum setningum á frönsku
- að vekja áhuga nemenda á Frakklandi og franskri menningu

**Námsefni:** Lesbók og vinnubók. Kennari mun einnig velja efni úr öðrum bókum, auk þess að sýna hluta úr frönskum kvikmyndum, velja tónlistarefni og tímaritsgreinar. Í kennslunni verður Frakkland kynnt fyrir nemendum og reynt að vekja áhuga þeirra á landi og þjóð. Reynt verður að tengja kynninguna áhugasviði nemenda. Unnið verður með grunnorðaförða svo sem að heilsa, telja, þekkja litina og stuttar almennar setningar. Farið verður í grunnmálfræðiatríði á borð við persónufornöfn, nafnorð, greini og grunnsagnir. Þá fá nemendur einnig tækifæri á að æfa framburð með stökum orðum og stuttum setningum.

**Kennsluhættir:** Leitast verður við að nota fjölbreytta kennsluhætti. Leikir, innlögn á töflu, hlustun, tjáning og samvinnunám- og hópvinna verða höfð í fyrirrúmi í bland við einstaklingsverkefni.

**Námsmat:** Um verður að ræða leiðsagnar- og frammistöðumat yfir önnina þar sem kennari leiðbeinir hverjum nemanda á einstaklingsmiðaðan hátt. Einnig verða skrifleg einstaklings- og samvinnuverkefni hluti af lokaeinkunn.

## **Fluguhnýtingar og stangveiði fyrir 8. – 10. bekk**

**Námskeiðið** samanstendur af hinum ýmsu þáttum stangveiðinnar. Í fluguhnýtingum er nemendum kennd undirstöðuatríðin og búa þau til nokkrar algengar laxa- og silungaflugur. Lokaverkefnið er svo að hanna sína eigin flugu. Í stangveiði fara nemendur í kastkennslu með flugustöngum. Einnig fá nemendur fræðslu um allan þann búnað sem fylgir fluguveiði sem og hvernig á að umgangast náttúruna og íbúa vatna og áa. Þá vinna nemendur verkefni um veiðisvæði að eigin vali.

**Kennslan** verður nokkuð lotubundin því farið verður í a.m.k. tvær veiðiferðir sem dekkja töluverðan hluta tímafjöldna námskeiðssins. Gera má ráð fyrir að flestir tímanna fari fram



að hausti og svo að vori en bóklegir tímar verði annaðhvort hálfsmánaðarlega eða eða vikulega á fyrirfram ákveðnum tíma yfir veturinn.

**Námsmat** verður byggt á verkefnavinnu, lokaverkefni í fluguhnýtingum, virkni og þátttöku nemenda.

Æskilegast er að nemendur sem sækja námskeiðið hafi aðgang að flugustöngum og helst einnig öðrum veiðibúnaði.

*Greinin hefur aðsetur í Brekkuskóla á þriðjudögum kl. 13:50*

### **Handboltaskóli KA fyrir 8. – 10. bekk**

Boðið er upp á kennslu og þjálfun sem byggir á handboltaæfingum og fræðslu um handbolta.

Fyrst og fremst ætlað fyrir þá sem hafa undirstöðu í greininni.

**Námsmat:** Tekið er mið af áhugasemi, einbeitingu og árangri.

*Kennt verður á þriðjudögum kl. 13:50-15:10 í KA-húsinu*

### **Handboltaskóli Þórs fyrir 8. – 10. bekk**

**Boðið er upp á kennslu og þjálfun sem byggir á handboltaæfingum** og fræðslu um handbolta. Fyrst og fremst er um tækniæfingar að ræða, hentar bæði stelpum og stráku.

**Námsmat:** Tekið er mið af áhugasemi, einbeitingu og mætingu.

*Kennt verður á mánudögum kl. 13:50-15:10 í íþróttahúsinu í Síðuskóla*

### **Heilsurækt á Bjargi fyrir 9. – 10. bekk**

Fjölbreyttar æfingar undir leiðsögn íþróttakennara Síðuskóla og einnig koma kennarar Bjargs að kennslunni með sérhæfða tíma til kynningar.

**Markmið** námskeiðsins er því að kynna líkams- og heilsurækt fyrir nemendum og leyfa þeim að prufa þær fjölbreyttu leiðir sem eru í boði á heilsuræktarstöðvunum til hreyfingar. Einnig að þjálfra þol og þrek þátttakanda og undirstrika mikilvægi þess að hreyfing sé hluti að heilsusamlegum lífsstíl.

Boðið verður uppá fjölbreytta tíma í þolfimísal og tækjasal. Nemendum verður kennt á tækin í tækjasalnum og þeir fá æfingaáætlanir og læra að setja sér markmið.

Hentar vel þeim sem hafa áhuga fyrir því að stunda líkamsrækt.

**Námsmat:** Tekið er tillit til mætinga, frammistöðu og virkni.

*Kennt fer fram á Bjargi við Bugðusíðu á miðvikudögum kl. 13:50-15:10*



## **Heimspeki fyrir 9. – 10. bekk**

Heimspekitímarnir byggja á samræðum um lífið og tilveruna. Aðallega verður notast við efni sem sótt er á ýmsa vefi um heimspeki með börnum og unglingum. **til að kveikja umræður og kynna þau vinnubrögð sem notuð eru Einnig verður stuðst við** bækurnar *Hugsi* og *Veröld Soffiu*. Þegar líður á haustið fara þátttakendur einnig að leggja til umræðuefni og skiptast á um að kynna þau. Í einhver skipti verður unnið út frá myndböndum um siðfræðileg vandamál sem fólk stendur frammi fyrir. Ýmis siðferðileg álitamál verða rædd og hver og einn skoðar hvers konar manneskja hann vill verða. Eftir áramótin fjallað um nokkra af þekktustu heimspekingum sögunnar og kenningar þeirra. Heimavinna er ekki fyrir hvern tíma en nemendur þurfa stundum að lesa heima og skila 3 til 4 verkefnum yfir veturinn. Lögð er áhersla á að nemendur taki þátt í umræðunum og myndi sér skoðanir sem þeir eru tilbúnir til að rökstyðja. Einnig að nemendur hlusti hver á annan og temji sér kurteisi þrátt fyrir skoðanaágreining.

**Námsmat:** Einkunn byggir á frammistöðu í tímum og heimaverkefnum.

*Kennt verður á miðvikudögum kl. 13:50-15:10 í Síðuskóla*

## **Knattspyrnskóli Þórs fyrir 9. – 10. bekk**

Knattspyrnskóli Þórs er fyrst og fremst ætlaður nemendum sem æfa knattspyrnu í 3. flokkum Þórs - drengja og stúlkna. Það er skilyrt af hálfu Þórs að nemendur sækji allar æfingar, á skólatíma og utan. Auk hefðbundinna æfinga eiga nemendur að sækja 3-4 fyrirlestra um mataræði/næringarfræði, fíkniefni/tóbak/áfengi, leikfræði o.fl. og eru þeir haldnir í Hamri um helgar. Fyrirlesarar eru ýmsir. Nemendur borga æfingagjöld eins og aðrir í Þór en fá frían æfingagalla. Nemendur geta fengið 4 vikustundir metnar fyrir þátttöku í Knattspyrnskólanum, þ.e.a.s. 2 fyrir valgreinina og 2 fyrir þátttöku í æfingum félagsins.

**Námsmat:** Tekið er mið af áhugasemi, einbeitingu og árangri.

*Kennsla fer fram í Boganum á miðvikudögum 13:50-15:10 og aðrar æfingar eru á hefðbundnum æfingatímum. Ekki er útilokað að æfing verði fyrir skólatíma að morgni.*

## **Körfuboltaskóli fyrir 8. – 10. bekk**

Lögð verður áhersla á undirstöðuatriði körfuboltans auk leikja og ýmissa keppna. Nemendur fá tækifæri til að bæta skotfimi sína, fá leiðbeiningar um varnarleik og auka leikskilning. Fyrst og fremst snýst valgreinin um að hafa gaman af og njóta þess að spila

körfubolta. Þetta er próflaus áfangi þar sem metið verður út frá vinnu- og áhugasemi og framkomu.

**Námsmat:** Tekið er mið af áhugasemi, einbeitingu og árangri.

*Kennsla fer fram í Síðuskóla á miðvikudögum 13:50-15:10.*

## **Leður, leir og mósaik fyrir 8. – 10. bekk.**

Leðurvinna (12 vikur)

Unnið verður með leður og geta nemendur valið um að gera t.d. handsaumun þennaveski, litlar töskur, peningabuddur, seðlaveski og lyklakippur, skartgripi, nælur, armbönd, belti og hálskart. Einnig saumað stærri töskur, formað grímur og myndverk og skreytt með perlum hrosshári og fl.

Leirmótun (8 vikur)

Nemendur vinna leirmuni að eigin vali, í samráði við kennara, sem fela í sér hugmyndavinnu, verklega útfærslu og myndræna framsetningu í formi og lit. Kynntar verða mismunandi aðferðir við leirmótun, hönnun hluta, áferð, munsturgerð og litaval og unnið með þær hugmyndir í verkefnavinnunni eftir því sem tími vinnst til. Unnið verður með jarðleir og reynt eftir aðstæðum að bjóða upp á fjölbreytta útfærslumöguleika eftir áhuga nemenda hverju sinni. Áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð og skapandi úrlausnir verkefna. Nemendur tileinki sér góða umgengni um efni og áhöld.

Mósaik (12 vikur)

Unnið verður með 3mm litað gler, spegla og etv eitthvað annað efni sem til fellur.

Verkin verða frekar stór, ca. 30x60 cm – 50x60 cm. Veggmyndir, speglar, borðplötur, blómavasar (á vasana notum við málað eggjaskurn) ofl.

Þegar verkin eru búin eru settar veggfestingar aftan á eða annað sem þarf.

Námsmat: Byggist á símati þar sem virkni, frumkvæði, úrvinnsla hugmynda og vinnubrögð er notað sem grundvöllur fyrir lokaumsögn. Auk þess er byggt á sjálfsmati nemenda og einstök verkefni metin í samræmi við markmið.

*Kennt verður í Glerárskóla á þriðjudögum kl.13:50 -15:10*

## **Leiklist fyrir 8. – 10. bekk**

**Markmið að nemendur;**

- þjálfist í framsögn, raddbeitingu og vinnu með líkamann
- efli sjálfsmynd sína og styrkist í jákvæðum samskiptum við aðra
- þjálfist í að koma fram fyrir aðra



- Þjálfist í skapandi samvinnu þar sem taka þarf tillit til annarra.

**Kennsluhættir:** Unnið verður með æfingar sem þjálf hugmyndaflug, frumkvæði, einbeitingu, líkamsvitund, raddbeitingu, samskipti, samvinnu, framkomu og tillitsemi við aðra. Áhersla lögð á að efla sjálfsmynd nemandans svo hann finni hjá sér öryggi til að standa á sviði fyrir framan hóp og tjá sig með söng, leik, orðum og/eða hreyfingu. Sérstök áhersla á framsögn og spunavinnu, bæði leik- og söngspuna.

Námsefni: Verkefni frá kennara í tímum.

**Námsmat:** Byggist á þátttöku nemenda í tímum. Í lok annar fær nemandi umsögn þar sem virkni og framför eru metin.

*Kennt verður í Ungmennahúsinu í Rósenborg (4. hæð) á miðvikudögum kl. 14:00 – 15:20*

## **Leitin að Grenndargralinu fyrir 8. – 10. bekk**

**Lýsing:** Takmark þátttakenda er að finna Grenndargralið sem búið er að koma fyrir á vissum stað á Akureyri. Þátttakendur fá eina þraut til lausnar í viku hverri. Þraut sem tengist sögu Eyjafjarðar. Við lausn hverrar þrautar fá þátttakendur bókstaf. Markmiðið er að safna að lágmarki tíu bókstöfum sem fást við úrlausn þrautanna sem þeir svo nota til að mynda ákveðið orð. Orðið er nokkurs konar lykilorð og er þekkt úr sögu heimabyggðar. Þegar þátttakendur ná að raða saman bókstöfunum og mynda sjálft lykilorðið öðlast þeir rétt til að hefja leit að Grenndargralinu. Til þess fá þeir eina lokavísbindingu sem vísar þeim á fundarstaðinn. Hér snýst allt um að vera á undan keppinautunum. Sá eða þeir sem finna Gralið standa uppi sem sigurvegarar. Þeir fá gralið afhent til varðveislu í eitt ár. Einnig fá þeir verðlaunapeninga til eignar. Allir sem klára þrautirnar tíu fá viðurkenningarskjal fyrir góða frammistöðu eftir langa og stranga leit. Þátttakendur útbúa kynningarspjöld sem birtast á heimasíðu leitarinnar.

**Markmið:** Kynna sögu og menningu heimabyggðar með skemmtilegum vettvangsferðum og rannsóknarleiðangrum. Leitin tekur 10 vikur. Hún hefst í byrjun september og henni lýkur um miðjan nóvember.

**Námsefni:** Öll möguleg hjálpargögn til að leysa þrautirnar; tölvur, bækur, blöð, tímarit, landakort, amma og afi o.s.frv.

**Kennsluaðferðir :** Þrautirnar birtast á heimasíðu Leitarinnar ([www.grenndargral.is](http://www.grenndargral.is)) á sama tíma í viku hverri. Þátttakendur hafa þannig viku til að leysa hverja þraut.

Þrautirnar kalla á mismikið vinnuframlag. Sumar krefjast heimildavinnu fyrir framan tölvu eða bók meðan aðrar krefjast rannsóknarleiðangra um Akureyri. Námið fer að öllu



leyti fram utan kennslustofunnar. Samskipti umsjónarmanns og þátttakenda fara þannig að mestu leyti fram á gagnvirkan hátt þar sem heimasíðan gegnir lykilhlutverki við að koma upplýsingum á framfæri til þátttakenda.

**Námsmat:** Símat. Umsjónarmaður Leitarinnar fer yfir lausnir þátttakenda sem skilað er inn með tölvupósti. Ljúka þarf níu fyrstu þrautum á fullnægjandi hátt til að fá valgreinina metna.

*Greinin hefur aðsetur í Giljaskóla.*

### **Líkamsrækt Átak fyrir 9. og 10. bekk**

Fjölbreyttar æfingar undir leiðsögn grunnskólakennara með langa og víðtæka reynslu af líkamsræktarþjálfun.

**Markmið** námskeiðsins er að kynna líkams- og heilsurækt fyrir nemendum og leyfa þeim að prófa þær fjölbreyttu leiðir og aðferðir sem eru í boði á heilsuræktarstöðvunum. Einnið að þjálfar þol og þrek þátttakanda og undirstrika mikilvægi þess að hreyfing sé hluti að heilsusamlegum lífsstíl.

Boðið verður uppá fjölbreytta tíma í þolfimísal t.d. Body pump, spinning og palla.

Nemendum verður kennt á tækin í tækjasalnum og þeir fá æfingaáætlanir og læra að setja sér markmið.

**Námsmat:** Tekið er tillit til mætinga, virkni og áhuga. Umsögn um hvern nemanda.

*Kennsla fer fram á þriðjudögum kl.13:50 – 15:10.*

### **Rafiðnir (IGK1812) fyrir 9. og 10. bekk. Kennt á vorönn í VMA.**

Kynning á raf- og rafeindavirkjun en einnig verða fleiri brautir skólans stuttlega kynntar með heimsóknnum og stuttum verkefnum. Kynning á raf- og rafeindavirkjun Námskeið í tækni fyrir grunnskólanema. Smíði (samsetning) rása. Vinna í hljóðveri kjallara jafnvel þáttargerð ef útvarpsstöðin verður í gangi. Vinna með ljós, hljóð og mynd. Hagnýt rafmagnsfræði.

Greinin er kennd í samstarfi við VMA. Kennt er einu sinni í viku 2x40 mín á vorönn.

Nemendur sem standast námskröfur greinarinnar fá eina einingu sem getur nýst síðar í framhaldsskólanámi.

**Námsmat:** Tekið er tillit til mætinga,frammistöðu og virkni.

*Kennsla fer fram á miðvikudögum kl.13:50 – 15:10 á vorönn í VMA.*



## **Raungreinaval (verklegt) fyrir 8. – 10. bekk.**

### **Efnafræði/Líffræði/Eðlisfræði/Stærðfræði**

Fyrir áramót verður farið í efnafræði og líffræði:

Í efnafræði er atómið skoðað, hvernig atóm mynda sameindir og síðan eru eiginleikar einstakra sameinda skoðaðir. Samanburður milli eiginleika efna, sýrur og basar, ástandsform, fellingar jónefna, rafgreining vatns, títrun til að ákvarða styrk efna, hvarfhraði efnahvarfa (einnig tengt líffræði), áhrif hvata og hita - og ýmsar einfaldar mælingar og tilraunir.

Í líffræði verður lífheimurinn skoðaður, örverur ræktaðar í agar, tengsl vaxtar og hitastigs skoðað, frumur skoðaðar og stærri lífverur krufðar. Órofa samspil manns, náttúru og samfélags skoðað. Frá sameind til seildýra.

Reiknað er með að helmingur tíma verði verklegur, tilraunir eða önnur verkefni, unnin í hóp eða einstaklingsverkefni.

**Námsmat:** Verkefnamappa með verkefnum og verkseðlum allra verklegra æfinga. Vinnusemi í tímum.

Eftir áramót verður farið í eðlisfræði og stærðfræði.

Í eðlisfræði er samband vegalengdar og tíma skoðað, hraði og hröðun. Grafísk framsetning og mælingar. Þyngdarhröðun. Einnig verða hugtökin orka og afl skoðuð með tilliti til notkunar í daglegu lífi.

Í stærðfræði verða algebra og rúmfræði meginviðfangsefnið. Rúmmál og flatarmál, mælingar á umhverfisstærðum tengdum verkfræði, einföld notkun hornafalla við ýmsar mælingar tengdar eðlisfræði. Í algebra verða tengsl raungreina og algebra skoðuð og hvernig algebra má nota við að leysa eðlis- og efnafræðidæmi.

Reiknað er með að helmingur tíma verði verklegur, tilraunir eða önnur verkefni, unnin í hóp eða einstaklingsverkefni.

**Námsmat:** Verkefnamappa annar og nokkur stutt próf af ýmsum gerðum.

Boðið er uppá að velja á milli tveggja hópa:

*Kennsla fer fram á miðvikudögum kl.13:50 – 15:10 í Brekkuskóla eða á þriðjudögum kl. 13:50-15:10 í Lundarskóla.*

## **Stærðfræði 102 – (STÆ1024). Fyrir nemendur í 9.-10. bekk**

**Áfangalýsing:** Lagður er grunnur að vinnubrögðum í stærðfræði, nákvæmni í framsetningu,

röksemdafærslum, farið í bókstafareikning og lausnir verkefna og þrauta.

Meginviðfangsefni eru upprifjun á talnameðferð og grundvallarreglum

stærðfræðinnar. Farið verður í jöfnur. Enn fremur er fjallað um hnitakerfið og jöfnu

beinnar línu. Áhersla er lögð á að varpa ljósi á hlutfallshugtakið frá mörgum hliðum.

### **Markmið að nemandi:**

- hafi tileinkað sér undirstöðuatriði um talnameðferð
- kunni undirstöðuatriði algebru
- geti sett upp og leyst verkefni sem fela í sér jöfnur og formúlur
- geti beitt fjölbreyttum vinnubrögðum við lausn stærðfræðilegra verkefna
- þekki undirstöðuhugtök hnitarúmfræði í sléttum fleti.

Nánari upplýsingar um áfangamarkmiðin er að finna á vef menntamálaráðuneytisins:

<http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar//nr/307>.

Greinin er kennd í samstarfi við VMA. Kennt er einu sinni í viku 2x40 mín allan veturinn. Nemendur sem standast námskröfur greinarinnar fá tvær einingar sem geta nýst síðar í framhaldsskólanámi.

**Námsefni:** Kennslubók í STÆ102 – Dæmahefti.

**Námsmat:** Skriflegt lokapróf, kaflapróf, heimaverkefni og vinna í tímum.

Taki nemandi lokapróf þarf hann að ná 40% árangri á því prófi til að vetrareinkunn reiknist til hækkunnar.

*Kennsla fer fram á miðvikudögum kl.13:50 – 15:10 í Lundarskóla.*

## **Tauprykk og fatalitun fyrir 8. – 10. bekk**

Kennd verður meðferð nýrra tauprykkslita sem hafa fjölbreytta eiginleika og hægt að nota í hvaða vefjarefni sem er. Mismunandi aðferðir við þrykk verða kynntar, s.s. stimplar, stenslar, rammaþrykk o.fl. Nemendum verður kennt að útfæra hugmyndir sínar í vefjarefni, flíkur eða nytjahluti. Nemendur þróa og hanna stykki að eigin vali og geta blandað aðferðum með þrykkinu eins og útsaum og bútasaum.

**Námsmat:** Virkni og vinnubrögð í tímum metin.

*Kennt í Giljaskóla á þriðjudögum kl.13:50 – 16:20 hálftr skólaárið.*

## **Tréiðnir (IGK1712) fyrir 9. og 10. bekk. Kennt á haustönn í VMA.**

Í áfanganum verður leitast við að gefa nemendum innsýn í verkstæðisvinnu á trésmíðaverkstæði. Unnin verða verkefni í vélum og höndum. Farið verður í útheffun, sögun, pússningu, borun, samsetningu og yfirborðsmeðferð. Verkefnin verða sniðin að nemendahópnum og miðuð að því að allir fari heim með smíðisgripi í annarlök. Mikilvægt er að nemendur mæti í fötum sem mega fá á sig lakk og bæs og geri sér grein fyrir því að á trésmíðaverkstæðum er ryk.

Greinin er kennd í samstarfi við VMA. Kennt er einu sinni í viku 2x40 mín á vorönn.

Nemendur sem standast námskröfur greinarinnar fá eina einingu sem getur nýst síðar í framhaldsskólanámi.

**Námsmat:** Tekið er tillit til mætinga, frammistöðu og virkni.

*Kenntla fer fram á miðvikudögum kl. 13:50 – 15:10 á haustönn í VMA.*

## **Uppeldis og sálarfræði fyrir 9.-10. bekk**

**Markmið áfangans eru:**

- að nemendur þekki og geti útskýrt nokkrar kenningar sálarfræði
- að nemendur geti greint á milli ólíkra uppeldisstefna
- að nemendur þekki mikilvægi virðingar, hróss og aga
- að nemendur fái innsýn í skóla- og uppeldisstarfs á yngsta stigi

**Námsefni:**

Valið efni frá kennara. Stuðst verður við bókina *Almenn sálfræði* en kennari úthlutar einnig tímaritsgreinum og lesefni úr uppeldisbókum. Farið verður yfir kenningar hugsmíðahyggju og atferlisstefnu. Leitast verður við að tengja lesefnið við aðstæður í daglegu lífi nemenda. Stefnt er á að fara í heimsókn á leikskóla og kynnast uppeldisstarfi á yngsta stigi.

**Kennsluaðferðir:**

Leitast verður við að hafa kennsluaðferðir fjölbreyttar þar sem nemendur verða hvattir til að taka virkan þátt í kennslustundum. Kennari verður meðal annars með innlögnum í fyrirlestraformi og les greinar/texta með nemendum. Þá munu nemendur vinna saman að verkefnum í fámennum hópum og einstaklingslega.

**Námsmat:**


Námsmat fer fram alla önnina. Um verður að ræða leiðsagnarmat og frammistöðumat þar sem kennari leiðbeinir nemendum í hópa- og einstaklingsvinnu. Einnig verður skriflegt próf.

*Kennt á vorönn á mánudögum í Lundarskóla kl. 13:50-15:10*

## Útivist og hreyfing fyrir 8. – 10. bekk

**Markmið:** Að nemendur læri:

grunnatriði útivistar s.s. mikilvægi þess að klæða sig rétt, neyta hollrar fæðu og undirbúa sig vel áður en lagt er af stað t.d. með því að fylgjast með veðri og færð að þekkja nokkrar gönguleiðir í nágrenni bæjarins að þekkja nokkrar hjólaleiðir í nágrenni bæjarins kynnist starfi björgunarsveita og ferðafélga á svæðinu



**Kennsluhættir:** Kennslan verður mjög fjölbreytt. Margskonar hreyfing og útivist verður kynnt og nemendur fá að prófa ýmislegt sem tengist viðfangsefninu hverju sinni. Hugað verður að umhverfinu í tengslum við viðfangsefni hverju sinni. Mikilvægt er að nemendur hafi aðgang að góðum skjólfatnaði og séu vel búnir til fótanna. Gert er ráð fyrir að nemendur komi sér sjálfir á upphafspunkt þar sem gönguferðir hefjast og séu sóttir að henni lokinni.

**Dæmi um viðfangsefni í áfanganum:**

- gönguskíði í Hlíðarfjalli
- skíði/bretti í Hlíðarfjalli
- fjórar gönguferðir á fjöll (Súlur, Hlíðarfjall, Vaðlaheiði, Fálkafell)
- þríþraut
- hjólaferðir
- kynning á starfi björgunarsveita
- kynning á Ferðafélagi Akureyrar
- heimsókn á slökkvistöðina á Akureyri
- fræðsla um útivist og það sem henni tengist

**Námsmat:** Símat er allan veturinn og byggist námsmatið á mætingu, jákvæðni og áhuga á því sem verið er að fást við hverju sinni.

*Valgreinin hefur aðsetur í Lundarskóla. Kennnt er í námskeiðsfyrirkomulagi og mun tímamagn samsvara tveim kennslustundum á viku allt skólaárið. Þar sem viðfangsefni tímanna taka mislangan tíma er ekki kennt vikulega heldur munu nemendur fá áætlun yfir tímana í skólabyrjun.*

## **Veiðar og vinnsla. Kynning á íslenskum sjávarútvegi fyrir 9.-10. bekk**

**Lýsing:** Í valgreininni fá nemendur tækifæri til að kynnast sjávarútvegi á margvíslegan hátt. Farið verður í heimsóknir og nemendur fá kynningar frá fólki sem þekkir vel til

sjávarútvegs, s.s. sérfræðingum Hafró, HA og starfsmönnum sjávarútvegsfyrirtækja. Þannig fá nemendur innsýn í veiðar, vinnslu, skipakost, veiðarfæri, rannsóknir á fiskistofnum og fleira. Auk þess gefst þeim kostur á að veiða fisk og flaka. Valfagið mun að stórum hluta byggjast upp á heimsóknum í fyrirtæki tengd sjávarútvegi og frásögnum fólks sem þekkir vel til sjómennsku, veiða og útgerðar. Nemendur skrifa vikulega í dagbók stutta lýsingu á því sem gert var í hverjum tíma. Því skjali verður deilt með kennara á Google Drive.

**Námsmat:** Dagbókarskrif og virkni í kennslustundum.

*Kennt á þriðjudögum kl. 13:50-15:10* á ýmsum stöðum í bænum en heimaskóli valgreinarinnar er Oddeyrarskóli og þangað mæta nemendur þá daga sem ekki verður farið í heimsóknir. Suma daga getur verið um lengri lotur að ræða og þá falla aðrir tímar niður í staðinn.

## **Þýska fyrir 9. og 10. bekk**

**Markmið:**

- að nemendur fái grunnorðaförða
- að nemendur læri grunnatriði í þýskri málfræði
- að þjálfar nemendur í að lesa einfaldan texta á þýsku sér til skilnings
- að nemendur læri að tjá sig með einföldum setningum
- að vekja áhuga nemenda á landi og þjóð

**Námsefni:** Valið efni frá kennara, frumsamið eða úr bókunum: *Ping Pong* les- og vinnubók; *Gabi und Frank* les- og vinnubók; ásamt öðru völdu efni frá kennara.

Leitast verður við að vekja áhuga nemenda á Þýskalandi og þjóðinni sem það byggir. Farið verður í grunnatriði þýskrar málfræði; nemendur læra algengar setningar, helstu sagnir, nafnorð, lýsingarorð, persónufornöfn, ákv. og óákv. gr., læra að telja, þekkja liti, o.s.frv. Einnig fá nemendur þjálfun í framburði og að tjá sig með stuttum setningum.

**Kennsluaðferðir:** M.a. innlögn á töflu, hóp, para- og einstaklingsverkefnavinna, munnlegar og skriflegar æfingar, umræðu- og spurnaraðferðin.

**Námsmat:** Leitast verður við að hafa námsmat sem fjölbreyttast. Námsmat fer fram alla önnina m.a. með því að nemendur vinna kannanir þegar þeir telja sig hafa náð settu markmiði. Einnig verða skrifleg einstaklings- og samvinnupróf. Jafnframt hafa eftirfarandi fjórir þættir vægi í lokaeinkunn: verkefnavinna/áhugi í tíma; vinnubrögð;

hegðun í kennslustund; hvernig nemandi nær tökum á námsefninu. Nemendur gera sjálfsmat í lok tíma þar sem þeir skoða fyrrgreinda þætti.

*Kennt í Brekkuskóla á miðvikudögum kl. 13:50-15:10.*